

H A U K A D A L U R

1 9 8 0

Haukadalur árið 1980

1. Veðurfar

Eftirfarandi upplýsingar frá veðurathuanastöðinni Hæli í Hreppum eru teknar úr skýrslum Veðurstofu Íslands fyrir árið 1980:

Mán.	Hitil. C° mt. frá v.	Úrkoma mm	% af mt	Tíðl. vinda N NA A logn	Fjöldi daga frost		
J	- 1.5	0.2	93.2	107	72	15	29
F	0.7	2.3	102.5	125	50	23	20
M	-0.3	-0.6	56.3	69	53	41	27
A	2.6	0.4	184.4	253	21	23	12
M	6.6	0.0	34.9	59	40	14	6
J	9.8	-0.1	35.3	57	30	39	-
J	10.8	-0.9	48.1	62	25	50	-
Á	10.5	-0.2	56.3	62	42	36	-
S							
O							
N							
D							

Tíðarfar var fremur hagstætt trjágróðri þetta sumar. Þó var Júní-ágúst-hitinn undir meðallagi og úrkoma þessa mánuði var um 60% af meðaltali.

Talsvert bar á kali á árssprotum sitkagrenis eftir mjög kaldan september 1979. Stafafura og sitkabastarður á flatlendi, 4023, 1961, voru mjög skemmd af hörðum veðrum.

2. Gróðursetning.

Mestur hluti gróðursetningar fór fram dagana 14.-19. júní. Þann tíma voru fróðursettar 10.400 plöntur. Þann 7. júlí voru svo sóttar afgangsplöntur að Tumastöðum Þetta voru 2500 sitkagreni, Homer, úr kæli, 500 stafafurur og 150 blágreni (Vaglir), sem hvorttveggja hafði verið í kæli um veturinn, en hafði nú staðið allengi í niðurslætti.

Lokið var við að fylla plæginguna í Tortumýri, en eftir var að gróðursetja meðfram 68 plógförum að undanskyldu birki og lerki frá 1979.

Fyrstu 37 plógför: Stafafura á báða bakka.

Síðustu 31 plógför: Sitkagreni á austurbakka. Þetta sitkagreni var mjög skemmt af lirkunagi í móbandinu, og verða eflaust afföll á því af þeim sökum. Í svæðið milli NS-brautar og Beinár var eingöngu sett sitkagreni, sumpart í júní og sumpart í júlí (1500 pl.). Alls hefir þá verið plantað í Tortumýri um 22.000 plöntum á 5 ha lands. Stafafurugróðursetningin er þéttust með um 5000 pl. á ha, en sitkagrenið er með um 3000 pl. á ha.

Í Miðhlíð var gróðursett rauðgreni frá Bindal, 3600 plöntur, nðst í brekkunni neðan við reit 2014, eins nærri mýrinni og komist varð. Þá voru í júlí gróðursett 150 blágreni rétt neðan við brautina og vestan við Svartagil. Hér var þétt kjarr og voru sagaðar rásirí það.

Í Stekkjarhlíð var gróðursett blágreni undir lerki frá 1955 og út fyrir það, alls 1000 plöntur.

Bætt var inn í lélegt rauðgreni í reit 6025 vestan við Brennigil. Þetta voru 1000 sitkagreni og 500 stafafurur, sem gróðursettar voru um miðjan júlí.

Tegund	Kvæmi	Nr.	Aldur	Grst.	Fjöldi	Svæði
Blágreni	Highw. Su.	825	1/3	V	1000v	1031
Blágreni	--	-	-	-	150v	Sjá texta
Rauðgreni	Bindal	803	2/3mb	T	1600v	Miðhlíð
Rauðgreni	--	-	2/3	T	2000v	---
Sitkagreni	Homer	886	2/2mb	T	4000	Tortum.
Sitkagreni	Múlakot	921	2/2mb	T	500	---
Sitkagreni	Homer	886	2/2	T	1500v	---
Sitkagreni	Homer	886	2/2	T	1000v	6025
Stafafura	White P.	934	2/2mb	T	1135v	Tortum.
Stafafura	Skagw.			T	500v	6025

Alls 12385

Þá gróðursettu konur úr Kvenf. Biskupstungna 175 stafafurur og 100 birki (sennil. teknar með heim).

Kostnaður við gróðursetningu, þ.e. vinnulaun, fæði og matseld mun hafa verið um kr. 70 á plöntu.

3. Jólátré.

Allmikill tími fór í að merkja jóktré, alls 9 dagar eða 17 dagsverk. Fyrst var merkt 16-18. sept., síðar 11. nóv. og að lokum 19.-22. nóv. Guðmundur Örn Árnason hjálpaði til við merkingu. Fyrstu trén voru felld 20. nóv., þ.e. 3-6 m trén, 37 alls. Öll önnur tré voru felld eftir það, allt fram undir miðjan desember. Á því tímabili komu strangir frostdagar, þegar ekki var unnt að vinna við jóltrén. Eingöngu var um að ræða rauðgreni í þetta sinn.

Stærð m	Kaupandi		Alls
	Lgrsj.	Skf. Rvk.	
-1.00	6	3	9
-1.25	73	26	99
-1.50	198	81	279
-1.75	198	112	310
-2.00	95	100	195
-2.50	22	35	57
-3.00		16	16
- 3.00	1	4	5
-4.00	9	16	25
-5.00	5	1	6
-6.00	1		1
Alls	608	426	1034

Fara þurfti yfir allar hlíðar til þess að finna jólátré, enda tók merkingin langan tíma eins og áður segir.

Skipting eftir reitum er þessi:

Reitur	Fjöldi	Reitur	Fjöldi
1011	37	2019	75
1012-1015	150	2020	122
1041	206	2025	30
1042	22	2041	20
1052	125	2062	57
2012	10		
2014-2015	164		

Söluverð án söluskatts var þetta:

Landgræðslusjóður	kr. 5.094.803
Skógræfél. Rvk.	-- 3.908.965
<u>Alls -</u>	<u>9.003.768</u>

Launagreiðslur við högg voru	kr. 825.500
Akstur á staðnum	-- 60.600
Áætlaður kostnaður:	
Flutningur til Reykjavíkur	500.000
<u>Alls</u>	<u>1.386.000</u>

Greipur Sigurðsson sá að öllu leyti um að fella trén og koma þeim á flutningabíl, þó með þeirri undantekningu, að 37 stærstu trén voru felld af öðrum.

4. Áburður.

Landgræðsla ríkisins dreifði áburði með flugvél, en í þetta sinn var notuð D C 3 vélin, Páll Sveinsson. Vélin lestar 4 tonn í hvert sinn og flaug tvær ferðir, alls 8 tonn. Reikningur fyrir áburðarflug nam kr. 1.120.000.

Flogið var yfir svæðið neðan vegar, frá Stekkjartúni og austur úr, þ. e. frá reit 2062-2124, undanskilið var svæði 2081. Sennilegt er þó, að áburðurinn hafi dreifst um stærra svæði, einkum til vesturs, því vindur var allnokkur, þegar flogið var. Áætlað flatar-mál svæðis er um 25 ha. Áburður pr. ha er þá 320 kg. Áburðartegund: NP 26-14.

Svæðið austan Brennigils, 2101-2124, er í 200-230 m hæð og opið fyrir NA-átt. Mest öll gróðursetningin árin 1963-1964 fór fram á þessu svæði, þar af voru um 70.000 rauðgreni, sem hafa átt í vök að verjast gegn kulda og næðingi. Borið var á þessar plöntur árið 1967, 50 g pr. pl. (ekki er getið um áb.teg.), en vöxtur hefir verið sáralítill og ekkert nothæft jóltré enn sem komið er.

Í Tortumýri var borið á kalksaltþétur, það sem tekið varð milli þriggja fingra á hverja plöntu. Unnið var að þessu eftir miðjan júní.

5. Byggingar.

Ákveðið var að hefja byggingu á viðleguhúsi fyrir 6-8 manna vinnuflokk. Sigurður Einarsson, byggingafræðingur teiknaði hús með hliðsjón af stöðlum Einingahúsa á Selfossi. Grafið var fyrir sökklum þ. 15/6. Steyptir sökklar 1/7. og steypt plata 16. júlí.

Vinnuflokkur frá Hvolsvelli sá um uppslátt og steypuvinnu ásamt starfsmönnum frá Skógrækt ríkisins.

Kostnaður við þetta viðfangsefni er samkvæmt sundurliðun bókhalds kr. 7.655 þús. Viðbótargreiðslur eru áætlaðar um kr. 345.000, svo þessi áfangi kostar þá um kr. 8.000 þús. (Afgangs voru 33 pk. af sementi).

6. Aðrar framkvæmdir.

Þótt það geti ekki talist til framkvæmda Skógræktar ríkisins, þá má geta þess, að Landsvirkjun fékk leyfi til þess að bera ofan í vegar slóðann frá Beiná austur yfir Brennigil, upp brekkur að mótum "þvervegur" (hjá reit 2021), síðan áfram austur og upp á Haukadalsheiði. Þessi framkvæmd Landsvirkjunar var gerð til þess að auðvelda ferðir á þeirra vegum inn að virkjunarsæðinu við Hagavatn.

Um mánaðamót Sept./okt. var ræktunarsambandið Ketilbjörn, Biskupstungum, fengið til þess að tæta á milli plógfara í reitum 7029-7034 á Bryggjumýri. Flatarmál þessa svæðis að frádregnum skurðum og brauðum meðfram þeim er tæpir 6 ha alls. Með 1.25 m bili milli plantna í röðinni rúmast tæpar 2.700 pl./ha eða um 16.000 plöntur í tættu svæðið.

7. Annað.

Þess má geta, að laugardaginn 28. júní að áliðnum degi (líklega með tveggja klst. seinkun) kom meginhluti fundarmann af aðalfundi Skógræktarfélags Íslands í heimsókn á staðinn. Var fátin hraðferð með þá um nokkur svæð, bæði plægingar og gamlar gróðursetningar. Að lokinni skoðunarferð var "móttaka" undir beru lofti.

Þess má einnig geta, að dagana 9-11. júlí komu tveir kvennahópar á vegum Kjartans Ólafssonar, Selfossi í heimsókn.

Síðast er þess að geta, að þann 16. okt. komu þeir á staðinn Baldur Helgason, rafveitustjóri og Páll Hafstað frá Orkustofnun til þess að kynna sér aðstæður í sambandi við lögn á rafmagnsheimtaug í Haukadál. Umsókn um rafveitulögn var send Orkustofnun (Orkusjóði) hinn 26/10. 1979. Eftir þessa heimsókn var svo mælt fyrir línu frá Helludal í Haukadál.